



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Á fundi borgarráðs þann 1. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 3. maí 2022, en fátt hefur spurst til hennar síðan og samþykkt aðgengisstefna t.a.m. ekki aðgengileg á vef borgarinnar. Flokkur fólksins óskar svara við eftirfarandi spurningum: Hvernig hefur Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verið kynnt fyrir borgarbúum? Hvernig hefur aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verið kynnt innan kerfis borgarinnar, svo sem í ráðum, deildum og stofnunum hennar? Hver er staða innleiðingar aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags.7. september 2022.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar hefur ekki verið kynnt sérstaklega í heild fyrir borgarbúum en stefnan er þó aðgengileg öllum á ytri vef borgarinnar.

Varðandi kynningu á aðgengisstefnu borgarinnar innan kerfis, þá er fyrirhugað að kynna aðgengisstefnuna í ráðum borgarinnar sem og verkefni aðgengis- og samráðsnefndar á næstu vikum. Einnig verður lögð aukin áhersla á að upplýsa starfsfólk um hvernig hægt sé að skila ábendingum um hvar aðgengi sé ábótavant innan starfsstaða borgarinnar.

Vinna við forgangsröðun aðgerða með aðgengisstefnunni var kynnt á fundi nefndarinnar 16. febrúar s.l. og verða verkefni ársins 2023 - 2024 kynnt á fundi nefndarinnar í maí n.k.

Öll innleiðing á aðgengisstefnunni og framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun fer fram í nánu og reglubundnu samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks.

Borgarbúar og starfsfólk Reykjavíkurborgar mun einnig verða upplýst um framgang aðgerða í aðgerðaáætlun aðgengisstefnunnar eftir því sem við á hverju sinni.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa